

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 8 2. janúar 1981 um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda og/eða sölugjalds af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar, sbr. auglýsingu nr. 88 2. febrúar 1981, auglýsingu nr. 219 23. apríl 1982 og auglýsingu nr. 93 21. febrúar 1983 um breyting á henni.

1. gr.

Tollskránumerir 90.08.21 og 90.08.39 bætist við upptalningu tollskránumera í 1. gr. auglýsingarinnar.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum, 3. gr. laga nr. 78 23. desember 1980 um jöfnunargjald og lið 4.1 í 6. gr. laga nr. 101 31. desember 1982 til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 6. apríl 1983.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

SAMÞYKKT

um sorphreinsunargjald á Selfossi árið 1983.

1. gr.

Sorphreinsunargjald á Selfossi fyrir hvern notanda sbr. 8. gr. samþykktar um sorphreinsun á Selfossi frá 11. mars 1983, skal fyrir árið 1983 vera kr. 200.

2. gr.

Ofangreind gjaldskrárákvörðun bæjarstjórnar Selfoss staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. apríl 1983.

F.h.r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.